TÓNLISTARSAFN ÍSLANDS

Hábraut 2
200 Kópavogur

Ársskýrsla 2013
5. starfsár

Starfsemi 2013

Tónlistarsafnið var opnað 9. maí 2009 og hefur síðan haft reglulega opnunartíma virka daga frá kl. 10:00-16:00. Einnig hefur safnið haft opið um helgar fyrsta sýningarmánuð hverrar sýningar svo og á einstökum viðburðardögum eins og á Safnanótt, Hamraborgarhátíð og Kópavogsdögum.

Á fyrstu mánuðum ársins 2013 var engin sýning í Tónlistarsafni eða frá því sýningu um Sveinbjörn Sveinbjörn - fyrsta tónskáld Íslendinga var pakkað niður og hún sett upp í Tónlistarskóla Akureyrar í Hofi 20. október 2012. Í kjölfarið hófst vinna við 6. sýningu safnsins „Dans á eftir“.

„Dans á eftir“ – 6. sýning Tónlistarsafns

Sýningin „Dans á eftir“ var opnuð 7. júní 2013. Er þar dregin upp mynd af dansmenningu þjóðarinnar í gegnum aldirnar. Áherslan er á húsnæði, fatnað, hljóðfæri, danstegundir, dansskóla og annað sem varpar ljósi á umgjörð dansins. Einar Jón Kjartansson hannaði alla umgjörð sýningarinnar en hann var á þeim tíma að ljúka námi í grafískri hönnun frá Listaháskóla Íslands.

Safnanótt 2013

Tónlistarsafn var opið til kl. 23:00 á Safnanótt 2013. Forstöðumaður flutti erindi um starfsemi safnsins og svaraði spurningum gesta.

Starfsmannamál

Tónlistarsafn hefur til ráðstöfunar fasta stöður forstöðumanns og sérfræðings. Fram til 1. september 2013 unnu tveir starfsmenn við safnið, ráðnir í gegnum árs samning við Vinnumálastofnum. Frá september 2013 var síðan gerður tveggja ára samningur í gegnum Almannatrygginar um einn starsmann til skráningarvinnu.

Aðföng

Árið 2013 eru 27 gjafir færðar í aðfangaskrá Tónlistarsafns; allt frá bréfasöfnum, handritum og ljósmyndum upp í orgelharmoníum.

Geymslur

Tónlistarsafn hefur afnot af geymslurými í Safnaðarheimili Kópavogskirkju sem staðsett er við hlið safnsins. Markvisst hefur verið unnið við að frumskrá gögn sem til safnsins berast og ganga frá þeim til síðari frekari skráningar. Hér á það einnig við um Tónlistarsafn sem og önnur söfn að ítarskráningu er ábótavant.



Ungmennafræðsla

Tónlistarsafn hefur markvisst hvatt skóla á öllum skólastigum til að heimsækja safnið. Nemendur fá leiðsögn um þá sýningu sem stendur og kynningu á starfsemi safnsins sniðna að aldri barnanna. Þá hefur Tónlistarsafn unnið náið með Pamelu De Sensi flautuleikara. Fjöldi verkefni á hennar vegum

eins og Töfrahurð, Töfrahorn og Ormadagar hafi farið fram í safninu. Atvinnufólk í tónlist veitir þar mörg hundruð leik- og grunnskólabörnum upplifun og innsýn í listir og menningu í gegn um leiklist, sögur og tónlist auk þess sem boðin eru námskeið í tónföndri og hljóðfærasmíði.

Vefir

Tónlistarsafn heldur úti þremur vefjum á Netinu:

- *www.tonlistarsafn.is* – vefsíða Tónlistarsafns Íslands
- *www.musik.is* – safnvefur um íslenskt tónlistarlífi á Netinu
- *www.ismus.is* – gagnagrunnum um íslenska menningu.

Síðast taldi vefurinn geymir margvísleg verkefni sem Tónlistarsafn hefur yfirtekið. Nefna má:

- Kirkjuverkefni þar sem leitast er við að birta upplýsingar um allar íslenskar kirkjur, presta þeirra og organista frá upphafi auk sögu orgela og organista við hverja kirkju;
- Vísir að tónlistarmannatali;
- Myndir af íslenskum tónlistarhandritum sem varðveitt eru í öðrum söfnum;
- Íslensk þjóðlög, bók sr. Bjarna Þorsteinsson prests og tónlistarmanns á Siglufirði;
- Þjóðfræðahljóðritasafn Árnastofnunar.

Á eftirfarandi töflu má sjá netumferð um ismus-vefinn fyrir árið 2013.



Nýtt verkefni

Eitt af hlutverkum Tónlistarsafns, eins og fram kemur í stofnskrá, er að safna heimildum um íslenska menningu/tónlist. Í september 2013 hóf forstöðumaður safnsins að safna video-viðtölum við fólk fætt á fjórða áratug síðustu aldar og ferðaðist þá um Vestfirði og Vesturland í þessum tilgangi. Ekki er gert ráð fyrir fjármagni til verkefni sem þessar í ársreikningi safnsins þannig að forstöðumaður sótti í eigin nafni um styrki fyrir beinum kostnaði við verkefnið.

Safnkostur

Allt frá stofnun Tónlistarsafns hefur almenningur leitað til safnsins um að varðveita muni og gögn af ýmsum toga: bréf, bækur, upptökur, hljómplötur, myndir, handrit o.fl. - mest allt efni tengt tónlist. Sem dæmi er nú í bóka- og lagaskrá um 10.000 skráningar. Í hljóðritaskrá eru einnig um 10.000 lagatitlar skráðir og í spjaldskrá Tónlistarsögu Íslands sem safnið fékk eftir að vinnu þar lauk eru um 16.000 viðburðir skráðir. Nokkrir stærri munir í geymslum safnsins eru óskráðir og mun verða gerð nánari grein fyrir þeim síðar.

Skráning

Tónlistarsafn hefur notað gagnagrunninn Bento frá fyrirtækinu FileMaker. Því miður hefur fyrirtækið nú hætt þróun forritsins sem er auðvelt í uppsetningu og notkun. Nú er unnið í að færa skráninguna yfir í netskráningu sem opna mætti almenningi eftir aðstæðum.

Tónleikaprógröm - 4.645 atriði skráð
Hafin er vinna við að skrá tónleikaprógröm og innihald þeirra. Markmiðið er að innhaldið myndi einskonar „slóða“ um sögu lifandi tónlsitarflutnings í landinu. Tónlistarsafn á tónleikaskrár frá því í lok 19. aldar og til dagsins í dag.

Spjalskrá Jóns Þóarinssonar
Tónlistarsafn Íslands tók yfir gögn er til urðu við rannsóknir og skrif Jóns Þórarinssonar tónskáld á Íslenskri Tónlistarsögu. Í þeim gögnum var að finna 16.600 handskrifuð spjöld sem vísuðu til tónlistarviðburða eins og sagt var frá þeim í íslenskum blöðum og tímaritum. Þessi spjöld hafa nú verið tölvuskráð og verða gerð aðgengileg í tengslum við skráningu tónleikaprógramma.

Hljóðrit
Tónlistarsafn á talsvert safn hljómplatna og geisladiska. Unnið er við að skrá einstök lagaheiti til að auðvelda leit. Þegar eru skráðir um 16.000 lagatitlar.

Hljóðritanir / videoupptökur - Nótan

Undanfarin ár hefur Tónlistarsafn tekið upp tónleika á video til að varðveita mynd af tónlistarlífinu á hverjum tíma. Ýmsar af þessum upptökum má finna á vefjum safnsins. Árið 2013 tók Tónlistarsafn upp lokatónleika Nótunnar – uppskeruhátíðar tónlistarskóla á Íslandi sem fram fór í Hörpu. Þetta var í annað sinn Tónlistarsafn vann þetta verkefni fyrir Nótuna sem miðlað er á Netinu.

Viðhorf til Tónlistarsafns Íslands

Almennt er viðhorf til starfsemi Tónlistarsafns jákvætt og er vaxandi áhugi á starfsemi safnsins. Birtist þessi áhugi m.a. í áhuga fólks á að færa safninu persónulegum munum til varðveislu, fyrirspurnum er berast safninu, heimsóknum hópa sem jafnvel vilja koma utan opnunartíma og fá sérstakan fyrirlestur um starfsemi safnsins auk jákvæðra athugasemda í tölvu- og símasamskiptum við almenning.

Aðsókn

Hér má sjá yfirlit yfir aðsókn að Tónlistarsafni Íslanda. En tekið skal fram að mjög vaxandi aðsókn hefur verið að netmiðlun safnsins eins og fram kemur undir liðnum Vefir.

Tónlistarsafn	2010	2011	2012	2013
Jan	40	40	380	70
Feb	52	40	613	118
Mar	125	164	598	29
Apr	60	64	58	64
Maí	1426	90	302	148
Júní	160	42	48	128
Júlí	80	45	10	48
Ágú	246		210	220
Sep	144	240	54	737
Okt	123	74	124	93
Nóv	140	498	290	67
Des	40	92	15	93

Erlent samstarf

Ekki er gert ráð fyrir útgjöldum hjá Tónlistarsafni til kynningar á starfsemi safnsins á erlendum vettvangi (ráðstefnur, fundir eða fyrirlestrar). Í október 2013 var forstöðumanni boðið að taka þátt í norrænni ráðstefnu í Noregi um forn norræn hljóðfæri. Sagði hann þar frá starfsemi Tónlistarsafni Íslands og hlutverki þess auk þess að segja frá hljóðfærum á Íslandi í gegnum söguna.

Fræðslumál - erindi og önnur þátttaka starfsmanna

Mjög hefur færst í aukana að hópar ýmsir hafi óskað eftir að koma í safnið og fá stutt fræðsluerindi um starfsemi þess. Má þar nefna kennarahópa tónlistarskóla, menntaskóla, nemendur háskólanna, Listaháskólans, Háskóla Íslands og Háskólans að Bifröst auk ýmssa félagahóp, svo sem frá Rótarýhreifingunni og öðrum slíkum félagasamtökum.

Samstarf við háskólana í landinu.

Segja má að regla sé að komast á samstarf Tónlistarsafns Íslands við háskóla landsins. Hópar frá Listaháskólanum og Háskóla Íslands (nám í safnafræðum t.d.) koma og sækja fyrirlestra um starfsemi safnsins og miðlun þess. Þá hefur færst í aukana að nemendur við nefnda skóla, auk Háskólans á Bifröst hafa óskað eftir að tveir fastir starfsmenn safnsins verði þeirra leiðbeinendur við vinnslu lokaritgerða í náminu (masters). Þá hefur orðið vart við áhuga nemenda við erlenda háskóla að sækja upplýsingar um íslenska tónlist á Tónlistarsafn.

Ársreikningur 2013

05-321-Tónlistarsafn Íslands

Nr.	Heiti	2013
982	Endurgreiðslur frá ríki	-8.178.062
990	Aðrar tekjur	-210.000
999	Tekjur alls	-8.388.062
1110	Mánaðarlaun	11.573.726
1121	Yfirvinna	2.547.762
1801	Tryggingagjald	1.421.638
1890	Launatengd gjöld	2.094.025
1906	Kaffikostnaður	258.106
1999	Starfsmannkostnaður alls	17.895.257
2032	Pappír og ritföng	44.504
2084	Smáhlutir og efni	110.928
2853	Ýmis búnaður	1.104.768
2990	Önnur vörukaup	365.226
2999	Vörukaup alls	1.625.426
4011	Sími	111.781
4012	Netþjónusta	6.486
4211	Ferðakostnaður innanlands	9.300
4342	Aðkeypt þjónusta	2.267.506
4343	Hugbúnaðargerð (vsk)	1.714.330
4375	Eftirlitsgjöld	128.378
4398	Önnur þjónustukaup	53.193
4412	Reiknuð afnot	8.343.654
4911	Prentun og ljósritun	170.319
4923	Námskeiðs- og skólagjöld	28.000
4969	Viðhald á vegum fasteignadeildar	77.989
4988	Tölvukostnaður mf.	289.080
4999	Þjónustukaup samtals	13.200.016
9999	Rekstrarniðurstaða	24.332.637

Viðburðir í Tónlistarsafni

Hér má að lokum sjá yfirlit ýmsa viðburðir og heimsóknir í Tónlistarsafn 2013.

	Viðburðir í Tónlistarsafni Ísland	
1		
2		
3	**8.2.2013**	20:00-24:00 - Safnanótt...
4	**14.4.2013**	10:00-18:00 - Nótan-lokahátið í Hörpu; tvennir tónleikar og verðlaunaathöfn. Viðburður kvikmyndaður og verðlaun afhent (Bjarki) fyrir verkefni unnin upp ú þjóðararfinum.
5	**6.-8.4.2014**	09:00-13:00 - Ormadagar - hljóðfærasmiðja og uppákomur í Tónlistarasafni fyrir leik- og grunnskólabörn.
6	**7.6.2013**	17:00 - Sýningin Dans á eftir opnuð í Tónlistarsafni
7	**8.7.2013**	10:00 - Hrafninn - fristundaklúbbur fyrir böm með sérþarfir heimsækja Tónlistarsafn; stutt kynning á sýningu safnsins „Dans á eftir"
8	**9.7.2013**	13:00 - Hliðarskóli - Fristundaheimili. 19. börn, 6-9 ára heimsækja Tónlistarsafn og fá leiðsögn...
9	**17.8.2013**	12:00-14:00 - Langspilsfjelag íslenzka lýðveldisins: Hildur Heimisdóttir og Júlía Traustadóttir flytja dagskrá fyrir gesti (langspil og söngur)...
10	**20.8.2013**	14:00-15:30 - Menningarsendinefnd frá Letlandi heimsækir Tónlistarsafn...
11	**23.8.2013**	13:00-15:00 - Safnadeild RÚV - Heimsókn í Tónlistarsafn...
12	**30.8.2013**	11:00-12:00 - Nemendur úr LHÍ - Þorbjörg Dafne Hall...
13	**30.8.2013**	17:00-19:00 - Kennarar úr Austubæjarskóla eiga stund í Tónlistarsafni (Pétur Hafþór)...
14	**3.9.2013**	08:30-11:00 - Tveir 6. bekkir úr Kársnesnesskóli heimsækja Tónlistarsafn...
15	**5.9.2013**	11:00-12:00 - Tónfræðakennarar úr Tónskóla Sigursveins heimsækja Tónlistarsafn...
16	**12.9.2013**	17:00-19:00 - Ritlistarklúbbur Kópavogs fundar í Tólistarsafni...
17	**23.-24.9.2013**	09:00-12:00 -Töfrahorn í Tónlistarsafni...
18	**26.10.2013**	16:00-19:00 - Móttaka í Tónlistarsafni: Erla Wigelund Kristjánsson afhendir safninu formleag muni úr eigu Kristjáns Kirstjánssonar er varða KK-sextett...
19	**23.11.2013**	16:00-19:00 - Mótttaka: Merite Blöndal Bengtsson afhendir Tónlistarafni muni tengda Erlingi Blöndal...

Bjarki Sveinbjörnsson
forstöðumaður